



## Skýrsla starfshóps Tónlistarskóla Skagafjarðar



Skagafjörður

Mars 2025

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
SVÓT greining.....	3
Styrkleikar .....	3
1. Skólaumhverfið .....	3
2. Mannauður.....	3
3. Samfélagið .....	4
Veikleikar .....	4
1. Aðstaða.....	4
2. Stjórnun og fjármál .....	4
3. Kennsla og skipulag .....	4
Tækifæri .....	4
1. Námsframboð .....	4
2. Samstarf .....	4
3. Tækni .....	5
Ógnanir .....	5
1. Framboð af öðru námi/tómstundum .....	5
2. Starfsfólk.....	5
3. Fjármagn.....	5
4. Annað .....	5
Hlutverk tónlistarskólans.....	5
Hver er tilgangur tónlistarskólans? .....	5
Hvert er meginmarkmið tónlistarskólans?.....	6
Hvað viljum við að nemendur fái út úr náminu? .....	6
Hver er markhópur tónlistarskólans?.....	6
Hvernig getur tónlistarskólinn mætt þörfum þessara hópa og tengst þeim? .....	6
Áherslur til næstu 5 ára .....	6
Hvað viljum við leggja mesta áherslu á?.....	6
Hvaða námsframboð viljum við bjóða uppá? .....	7
Hvernig viljum við huga að þjálfun kennara?.....	7
Aðstaða og húsnæði .....	7
Varmahlíð .....	7
Hofsós.....	7
Sauðárkrókur .....	7
Niðurstaða.....	8

# Inngangur

Á fundi fræðslunefndar Skagafjarðar þann 24. september 2024 var lagt til við byggðarráð að skipaður yrði starfshópur til að fara yfir rekstur og móta framtíðarstefnu fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar. Á fundi byggðarráðs þann 8. október samþykkti ráðið samhljóða að skipa skólustjóra tónlistarskólans, sviðsstjóra fjölskyldusviðs, sviðsstjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs, mannauðsstjóra, fulltrúa foreldra nemenda í tónlistarskólanum og fulltrúa tónlistarkennara í starfshóp til að móta framtíðarstefnu fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Kallað var eftir áhugasömum fulltrúum frá foreldrum nemenda og tónlistarkennurum og þegar því var lokið taldist hópurinn fullskipaður. Eftirfarandi aðilar mynduðu starfshópinn:

Bryndís Lilja Hallsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs  
Baldur Hrafn Björnsson, sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs  
Hrefna Gerður Björnsdóttir, mannauðsstjóri  
Ívar Aðalsteinsson, fulltrúi foreldra nemenda  
Kristín Halla Bergsdóttir, fulltrúi tónlistarkennara  
Sveinn Sigurbjörnsson, skólustjóri Tónlistarskóla Skagafjarðar

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs undirbjó fundi, boðaði þá og ritaði fundargerðir. Fundirnir voru haldnir í ráðhúsi og í fjarfundi. Sökum óviðráðanlegra aðstæðna tafðist vinna hópsins um nokkrar vikur.

## SVÓT greining

Starfshópurinn hittist á fyrsta fundi þriðjudaginn 17. desember kl. 13:00. Farið var yfir markmið hópsins og hver afurðin af vinnunni yrði. Á fundinum var framkvæmd SVÓT greining en skammstöfunin stendur fyrir styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri. Allir fundarmenn komu á framfæri hvað þeim þykja vera styrkleikar og veikleikar tónlistarskólans, hvaða tækifæri eru til staðar sem og hvaða ógnanir steðja að tónlistarskólanum. Niðurstöður greiningarinnar eru eftirfarandi.

### Styrkleikar

#### 1. Skólaumhverfið

- Eftir að tónlistarskólinn varð hluti af grunnskólum á öllum starfsstöðvum breyttist skipulag stundaskráa. Það leiddi til þess að vinnutími varð betri, bæði fyrir kennara og börn.
- Tónlistarskólinn samtvinnast skólustarfi grunnskólans og foreldrar þurfa ekki að skutla börnum sínum í tónlistarkennslu.
- Gott samstarf við grunnskólana.
- Metnaðarfullt og flott námsframboð.

#### 2. Mannauður

- Mikil reynsla og þekking til staðar. Kennarahópurinn er fjölbreyttur og dreifður á milli starfsstöðva.
- Lítill starfsmannavelta.

- c. Kennsla á fjölbreytt hljóðfæri.

### 3. Samfélagið

- a. Ríkt tónlistar- og menningarlíf í Skagafirði.
- b. Gömul og rík sönghefð í Skagafirði sem ætti að skila sér í auknum áhuga á tónlist.

## Veikleikar

### 1. Aðstaða

- a. Engin almennileg aðstaða fyrir tónleika, vantar sal á Sauðárkróki.
- b. Vinnurými starfsmanna ábótavant víða.
- c. Tölvubúnaði ábótavant.
- d. Kennarar hafa ekki samastað nema í rými sem þeir fá að láni. Það eflir samstarf og þéttir starfsmannahópinn að hafa samastað þar sem þau geta hist, rætt saman og unnið saman.

### 2. Stjórnun og fjármál

- a. Óljóst í sumum tilvikum hvar stjórnunin liggur, er það hjá skólastjóra eða pólitík.
- b. Túlkun á kjarasamningum kennara.
- c. Fjárhagurinn ekki nógu sterkur – tekjumódelið veikt.
- d. Þörf á nútímavæðingu vinnustaðarins og skólans.

### 3. Kennsla og skipulag

- a. Aðstaða fyrir nemendur og kennara í píanóeild býður ekki upp á samspil.
- b. Erfitt að fá nemendur í efri bekkjum í tónlistarnám á sumum starfsstöðvum.
- c. Mörg útibú, mikill kostnaður og tími sem fer í það.
- d. Engin söngkennsla.
- e. Heimasíðan ekki falleg.
- f. Skortur á aðstöðu fyrir hópæfingar, s.s. stærri æfingaherbergi eða sal.

## Tækifæri

### 1. Námsframboð

- a. Skapandi tónlist, t.d. fyrir börn sem hafa áhuga á því að búa til tölvutónlist.
- b. Efla hringekju enn frekar.
- c. Forskóli í tónlist.
- d. Söngnám.
- e. Aukin kennsla fyrir börn með greiningar, t.d. þroskaskerðingu.
- f. Bjóða upp á framhaldsnám á einstaka hljóðfæri en jöfnunarsjóður mætir kostnaði við framhaldsnám.
- g. Vornámskeið fyrir nýja nemendur.

### 2. Samstarf

- a. Leikskólar.
- b. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.

- c. Leikfélagið.
- d. Í tónlistarkennslu.
- e. Meiri sýnileiki í samfélaginu.
- f. Efling foreldrafélags.
- g. Samstarf við aðra tónlistarskóla.

### 3. Tækni

- a. Tækninýjungar.
- b. Örari uppfærsla á heimasíðu.

## Ógnanir

### 1. Framboð af öðru námi/tómstundum

- a. Öflugt íþróttastarf víða í samfélaginu.
- b. Margt annað sem grípur áhuga nemenda sem dregur úr áhuga á tónlistarnámi.

### 2. Starfsfólk

- a. Erfitt að fá fólk til starfa þegar aðstaðan er ekki nógu góð.
- b. Hækkandi aldur kennara.
- c. Verið er að leggja niður tónlistarkennaranám við Listaháskóla Íslands.

### 3. Fjármagn

- a. Viðhorf sveitarfélagsins í garð tónlistarskólans.
- b. Niðurskurður í fjármagni.
- c. Forgangsröðun fjármagns.

### 4. Annað

- a. Tónlistarnám er ekki lögbundið verkefni.
- b. Stytting framhaldsskólanna hefur valdið því að nemendur eru undir meira álagi á því skólastigi og hefur það áhrif á aðsókn þessa hóps í tónlistarskóla.
- c. Skortir meiri aga hjá sumum nemendum í tónlistarnámi, aðallega þegar kemur að metnaði til að æfa sig heima og að foreldrar fylgi börnum sínum eftir í náminu.

## Hlutverk tónlistarskólans

Annar fundur starfshópsins var haldinn þann 13. febrúar 2025. Markmið fundarins var að skýra hlutverk tónlistarskólans. Spurningarnar sem leitað var svara við voru sendar fulltrúum starfshópsins fyrir fundinn svo fundarmenn voru undirbúnir fyrir fund.

### Hver er tilgangur tónlistarskólans?

Tilgangur tónlistarskólans er fjölþættur og má þar til dæmis nefna að efla tónlistarlíf í samfélaginu, auka menntun barna og undirbúa nemendur fyrir frekara tónlistarnám, auka tónlistarvitund og skapandi hæfileika. Samfélagslegur ávinningur af tónlistarnámi er mikill. Þá er tilgangurinn einnig að kynna nemendur fyrir fjölbreyttum hljóðfærum og tónlist og efla þroska og

hæfni þeirra til að flytja og skapa tónlist. Auka áhuga nemenda á tónlist. Færa tónlist nær börnum og ungmönnum. Tónlistarskólinn gegnir einnig mikilvægu hlutverki í forvarnarstarfi.

## Hvert er meginmarkmið tónlistarskólans?

Að nemendur þroski með sér aukna hæfni til að flytja tónlist og njóta tónlistar. Efla framkomu og styrkja eigið sjálfstraust. Tónlistarskólinn veitir faglega menntun og þjálfun. Hann stuðlar að skapandi umhverfi og opnar tækifæri fyrir nemendur til þess að nýta tónlist með fjölbreyttum hætti í lífi og starfi. Markmið tónlistarskólans er einnig að mæta félagslegum þörfum og lærdómsþörfum nemenda og skapa félagsleg tengsl á milli nemenda. Mjög mikilvægt er í öllum samfélögum að vera með skipulagt tómtundastarf. Það hafa ekki allir hafa tök á því að vera í íþróttum og finna sig ekki þar en finna sig í tónlist og söng. Mikilvægt er að vera með framboð af þessu til að mæta þörfum ólíkra hópa. Þá hefur tónlistarskólinn það að markmiði að efla tónlistarlíf í Skagafirði. Tónlistarskólinn byggir grunn að framtíðinni.

## Hvað viljum við að nemendur fái út úr náminu?

Með náminu öðlast nemendur færni til að flytja tónlist, hvatningu til skapandi hugsunar, sjálfstraust og sjálfsaga. Auk þess öðlast nemendur skilning á tónfræði sem hjálpar þeim að lesa og semja tónlist sem og skilja uppbyggingu tónverka. Þeir fá kynningu á tónlist og listinni sem slíkri. Tónlist er fjársjóður sem margir fara á mis við, til dæmis klassísk tónlist sem margir hafa ef til vill ekki gefið séns eða fengið tækifæri til að kynnast. Við viljum að nemendur fái alhliða þjálfun í tónlist, upplífi áhuga og ánægju af náminu. Tónlistarskólinn hefur einnig uppeldisleg markmið, hann stuðlar að tilfinningaþroska og listrænum þroska nemenda sem fái þjálfun í að vinna saman og læra lífsleikni. Tónlistarskólinn hefur samfélagsleg markmið sem felast í þátttöku í menningu samfélagsins og uppbyggingu jákvæðs samfélags. Við viljum að einstaklingsmiðað nám taki þátt í að auka vellíðan nemenda.

## Hver er markhópur tónlistarskólans?

Markhópur Tónlistarskóla Skagafjarðar eru fyrst og fremst grunn- og miðnámsnemendur með hvatningu til að halda áfram í framhaldsnám. Aðalmarkhópurinn eru börn (í skilningi laganna) og ættu þau að hafa forgang.

## Hvernig getur tónlistarskólinn mætt þörfum þessara hópa og tengst þeim?

Byrja snemma að skapa hvatningu, til dæmis strax í leikskóla. Það þarf að auka samstarf foreldra og skapa jákvætt foreldraumhverfi. Það hefur reynst sífellt erfiðara að fá nemendur og foreldra þeirra til að fylgja eftir heimanámi. Í tónlistarkennslu er mikilvægt að finna hvar áhugi nemanda liggur, finna tónlist sem nemandi hefur áhuga á og langar að læra og byggja ofan á það í náminu.

## Áherslur til næstu 5 ára

Þriðji fundur starfshópsins var haldinn þann 27. febrúar 2025. Áhersla þess fundar var að horfa til næstu fimm ára og leggja mat á það hvaða áherslur við viljum að séu efst á baugi fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar.

## Hvað viljum við leggja mesta áherslu á?

Starfshópurinn er sammála um að setja þurfi mikinn þunga í að móta framtíðarsýn og lausnir er varða aðstöðu og húsnæði.

## Hvaða námsframboð viljum við bjóða uppá?

Starfshópurinn vill halda því námsframboði sem nú þegar er til staðar, þ.e. ekki draga úr framboðinu. Talsvert hefur verið spurt um söngnám en ef það á að bjóða upp á það þá þarf bæði að vera söngkennari og undirleikari og gera ráð fyrir því í stöðugildafjölda. Starfshópurinn vill ekki taka þau stöðugildi af öðru námsframboði. Auka þarf tónfræðikennslu og leggja áherslu á hópatíma. Til þess að það sé hægt þarf að fjölga stöðugildum.

Starfshópurinn vill formgera hringekjuna betur og ná inn fleiri nemendum í 1. og 2. bekk. Það væri hægt að horfa til þess að kennarar skiptu með sér hópum og þeir róteri innan skólaársins og hver og einn kennari sé með ákveðnar áherslur. Þannig fá nemendur enn meiri fjölbreytni yfir veturinn.

## Hvernig viljum við huga að þjálfun kennara?

Lítið framboð endurmenntunar er í boði á þeim tíma sem kennarar eru ekki að sinna kennslu. Mikilvægt er að hvetja kennara til að afla sér þekkingar jafnt og þétt yfir önnina, hvort sem það er rafrænt eða að sækja námskeið þegar þau eru í boði þegar þau henta. Mikið af fræðslu er í boði á netinu.

## Aðstaða og húsnæði

Í þessum kafla koma fram helstu áhersluatriði starfshópsins og verður farið yfir hvernig aðstaðan er í dag á starfsstöðvunum þremur.

### Varmahlíð

Í Varmahlíð er sér salur sem hægt er að nota fyrir tónfundi en tónleikar fara fram í Miðgarði. Aðstaða til tónlistarkennslu er fin en bæta þarf hljóðvist.

### Hofsós

Á Hofsósi var nýlega farið að nýta hol við frístundina fyrir tónfundi en það er margt sem mætti vera betra við þá aðstöðu. Hugsa þarf fyrir aðstöðu fyrir tónfundi þegar endurbætur á grunnskólanum eru hannaðar. Þá þarf einnig að hugsa fyrir aðstöðu til tónlistarkennslu. Stofurnar sem nýttar eru til kennslu í dag eru ágætar en píanóstofan er of lítil og ekki með opnanlegum glugga. Áfram verður hægt að nota Höfðaborg fyrir tónleika og er það góður salur til þess.

### Sauðárkrókur

Á Sauðárkróki er enginn hentugur salur fyrir tónfundi. Matsalurinn hefur verið nýttur fyrir tónfundi en er óhentugur, bæði hvað varðar hljóðvist, lögum salarins og súlur sem skyggja á. Erfitt er að sjá þá sem eru að spila nema að sitja í fremstu röð. Það þarf að vera sena þegar tónleikar eru svo að nemendur njóti sín betur og tónleikagestir sjái þá sem eru að spila. Salur Fjölbrautarskólans verður leigður fyrir tónleika í vor.

Kennslustofur eru ekki hannaðar til tónlistarkennslu og voru í upphafi hugsaðar sem bráðabirgðalausn. Þegar sólin skín verður óbærilegur hiti í stofunum þannig að það liggur við yfirlíði nemenda og kennara. Mikil umferð barna er fyrir framan stofurnar hjá íþróttahúsi með tilheyrandi ónæði fyrir nemendur og kennara tónlistarskóla. Rými fyrir hljóðfærageymslu er nýtt sem trommukennslustofa og hljóðfæri eru nú geymd í aðstöðu húsvarðar. Þegar nemendur eru á samspilsæfingum þá fara þær æfingar fram á göngum Árskóla og í skúmaskotum. Þetta á til dæmis við þegar strengjadeildin æfir saman.

Ef hver kennari er með sína kennslustofu þá er hægt að nýta hana sem vinnurými að því gefnu að aðstaðan sé góð og t.d. ekki óbærilegur hiti vegna sólar.

Mikilvægt er að huga að því að tónlistarskólinn sé á sömu hæð og aðstaða til tónfunda/tónleika svo auðvelt sé að flytja hljóðfæri úr stofum og í salinn. Salurinn gæti nýst fyrir skólann þegar þau eru með árshátíðir, stærri fundi o.fl.

## Niðurstaða

Tónlistarskóli Skagafjarðar er ríkur af mannauði og býður upp á fjölbreytt námsframboð. Stöðugildi sem áætluð eru í fjárhagsáætlun duga vart til að sinna núverandi aðsókn í tónlistarskólann og ekki er svigrúm til að bæta neinu við, til dæmis til þess að auka við tónfræðikennslu í hópum eða bjóða upp á söngnám við skólann. Skortur er á undirleikurum í samfélaginu og myndi ráðning undirleikara við tónlistarskólann nýtast víðar og efla þannig tónlistarlíf í samfélaginu.

Mikilvægt er að huga að tónmenntarkennslu í grunnskólum en hún þarf að hafa það að meginmarkmiði að auka áhuga á frekara námi í tónlist og hvetja til þess að nemendur sækji tónlistarnám. Því miður hefur tónmenntakennsla verið brotthætt á Íslandi undanfarin ár sökum utanaðkomandi aðstæðna og skorts á fagfólki til að sinna þeirri kennslu. Þessi staða hefur áhrif á tónlistarskólana. Í kafla 21.7 í aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um tónmenntakennslu í grunnskólum. Þar segir meðal annars: „Í ljósi þessa margbrotna eðlis tónlistarinnar er mikilvægt að tónlistin sé tengd öllu skólastarfi óháð námsgreinum. Þannig kynnast nemendur fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lifandi nálgun.“ Það eru líkur á því að áhugi á tónlistarnámi geti kviknað þegar tónlist er tengd skólastarfi óháð námsgreinum.

Aðstöðu og húsnæði voru gerð góð skil hér að ofan og ekki talin þörf á því að fara aftur yfir það hér. Æskilegast væri að tónlistarkennsla á öllum starfsstöðvum væri í sér álmu en tengd grunnskólunum. Til viðbótar við aðstöðu þá þarf að huga að því að byggja upp góðan starfsanda í tónlistarskólanum. Nýlega fór mál tónlistarkennara fyrir dómstóla vegna túlkunar á kjarasamningsákvæðum og hafa þess konar mál ýmis neikvæð áhrif. Farsælast er þegar hægt er að leysa úr ágreiningi með samtali og í sátt og vonast starfshópurinn til þess að dómsmál sem þetta sé einsdæmi. Það er jákvætt að Skagafjörður sé farinn af stað með mannauðsmælingar og vonast hópurinn til þess að þær verði nýttar til gagns.

Ýmis tækifæri eru til staðar fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar eins og fram hefur komið. Mikið var rætt um að auka samvinnu við aðrar stofnanir og félög. Til dæmis væri hægt að vera með fasta tíma í leikskólum þar sem tónlistarkennarar mæta og eru með kennslu fyrir börnin. Einnig væri hægt að bjóða upp á námskeið eftir leikskólatíma þar sem foreldrar mæta og eru þátttakendur með börnunum sínum. Þessar hugmyndir eru settar fram með þeim fyrirvara að tónlistarkennarar séu reiðubúnir í það verkefni. Rannsóknir hafa sýnt að hrynur og tónlist geta hjálpað til við almennt nám, til dæmis lestur og myndi þetta styðja vel við byrjendalæsi og undirbúning fyrir grunnskólagöngu.

Lítið hefur verið um hvatningu til að semja eigin tónlist á Norðurlandi vestra líkt og hefur til dæmis verið gert á Norðurlandi eystra. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra eru til dæmis ekki í samstarfi við verkefnið Upptaktinn eins og systursamtökin á Suðurlandi. Í Skagafirði væri hægt að setja á fót námskeið eða smiðjur til að stuðla að tónsköpun ungs fólks og til þess að hvetja börn og ungmenni til að semja eigin tónlist. Skapa þyrfti aðstæður þar sem börn og ungmenni fá aðstoð við að fullvinna hugmyndir sínar í vinnusmiðju.

Hlutverk foreldra nemenda sem skráðir eru í tónlistarskólann er mjög stórt og mikilvægt að þau sýni náminu áhuga og skilning. Leggja þarf áherslu á að sinna náminu heima fyrir og foreldrar ættu að fylgja börnum sínum eftir í tónlistarnámi líkt og foreldrar fylgja börnum sínum eftir í íþróttum.

Að lokum vill starfshópurinn ítreka mikilvægi þess að ljúka við hönnun og framtíðarsýn tónlistarskólans sem snýr að húsnæði og aðstöðu og óskum við eftir því að fjármunir verði settir í þá vinnu við gerð næstu fjárhagsáætlunar. Vonandi nýtist samantekt starfshópsins sem grunnur fyrir þá vinnu.